


ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR 107.000 KM/KLST 14 OKT - 04 NÓV 2023



PORTFOLIO GALLERI

ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR



107.000 KM/KLST



107.000 km/klst = 30 km/sek.

Í kaflanum “Hnettir himingeimsins” í almanakinu segir að hraði staðar á miðbaug vegna snúnings jarðar sé 1674 km/klst. Snúningsstefnan er til austurs. Hraðinn minnkar eftir því sem lengra dregur frá miðbaug, og á breiddargráðu Reykjavíkur nemur hann 730 km/klst. Til viðbótar er jörðin öll á ferð umhverfis sólina. Hraðinn er lítið eitt breytilegur, frá 29,4 km á sekúndu þegar jörð er fjærst sól, upp í 30,4 km/s þegar jörð er næst sól. Meðalhraðinn er 29,8 km á sekúndu eða 107 þúsund kílómetrar á klukkustund. Nú er þvermál jarðar tæpir 13 þúsund kílómetrar. Það merkir að jörðin færir um eitt þvermál sitt á hverjum sjö mínútum. Ekki er þá öll sagan sögð, því að jörðin fylgir sólinni á hreyfingu umhverfis miðju hins mikla stjörnukerfis Vetrarbrautarinnar. Sú hreyfing nemur 220 kílómetrum á sekúndu, eða 790 þúsund kílómetrum á klukkustund. Þótt hraðinn sé mikill er vegalengdin slík að sólin er 235 milljón ár að fara eina umferð um miðju Vetrarbrautarinnar. Vetrarbrautin sjálf er svo á ferð sem mælist 2 milljón km/klst. miðað við örbylgjukliðinn í alheiminum. Með þeim hraða tekur það Vetrarbrautina um 80 milljón ár að hreyfast sem svarar þvermáli sínu. Á þeim tíma hafa sól og jörð gengið þriðjung af leið sinni um miðju Vetrarbrautarinnar.

*Þorsteinn Sæmundsson*, stjörnufræðingur og umsjónarmaður Almanaks Háskólans, sem gefið er út á vegum Háloftadeildar skólans.

Við erum öll á fleygiferð í geimi sem er í stöðugri útpenslu. Við vitum hvar við erum stödd á jörðinni, við þekkjum upp og niður, hægri og vinstri – en annað er ágiskun. Við þykjumst vita hver við erum en það er líka óljóst. Við reynum að vera góðar manneskjur, viðbragðsgóð og lifandi í líðandi ástandi, en tekst það misvel.

Síðast þegar ég sýndi í Porfolio í mars 2021 var heimsfaraldur. Ég sýndi björgunarteppi og óskir um nýja tíma, en einnig „híeróglýfur“ sem er vinnuheiti yfir eins konar tákmyndir til að spegla sig í, spröttar af þælingum út frá orkustöðvum líkamans. Síðan hefur heimsmynd aftur breyst; afleiðingar pestarinnar eru að koma í ljós, gervigreind hefur gert innreið sína, stéttaskiptingin hefur aukist og styrjöldin í Evrópu orkar á hversdagslífið. Bætum svo við hlýnun jarðar og okkur fer að svima og við snúumst í hringi um okkur sjálf. Ég held áfram að vinna og get ekki annað. Viðfangsefnin þróast og enn verða til „híeróglýfur“ og enn er það sem sameinar okkur áhugavert. Menntan hverfur ekki, og heldur ekki listin. Og jörðin snýst áfram umhverfis sólu.

*Erla Þórarinsdóttir*

Erla Þórarinsdóttir hefur unnið að myndlist frá því hún útskrifaðist frá Konstfack skólanum í Stokkhólmi 1981. Hún hefur starfað og sýnt á Norðurlöndunum, í Vestur Evrópu, New York, Indlandi og Kína. Hið sammenska birtist í verkum hennar, leit að frummyndum og samhengi okkar í heiminum. List hennar er öguð og frjáls í senn; í jafnvægi en þrungið orku Erla hélt fyrstu sýninguna í Portfolio vorið 2021. Sama ár sýndi hún í samtali við Svavar Guðnason, í Svavarsafni á Höfn í Hornafirði. Í fyrra sumar tók hún þátt í sumarsýningu Kjarvalsstaða, „Spor og þræðir“, og um haustið var verk eftir hana á sýningu í Konunglegu listakademíunni í Stokkhólmi: „När Postmodernismen kom till stan.“ Núna í haust sýnir hún teikningar á samsýningu hjá Atelier des empreintes í Val de Loire í Frakklandi, og í janúar næstkomandi er henni boðið að taka þátt í sýningu á Da Xin Art Museum í Guanzhou í Kína.



Hefur sólin vitund..?/ Does the Sun have consciousness..? 2023  
Olíulitur, blaðsilfur, schellack og fernissa á striga 140 x 120 cm




107.208 km/klst, 2022  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 140 x 120 cm




Always remain in your heart 2019  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 180 x 80 cm



Ljósveran — oxuð á Höfn í Hornafirði 2021  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 180 x 80 cm




Gos og SO2 2021  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 180 x 80 cm



Open up your heart 2022  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 180 x 80 cm



Áhugaverður staður að sjá 2023  
Olíulitur og litarduft á striga 100 x 90 cm



Tunglhringur 2023  
Olíulitur og blaðsilfur á striga 100 x 90 cm




Core et pulm 2022  
Ólúlitur og blaðsilfur á striga 180 x 120 cm



Climat Climax 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Tempus 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Súrefni 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Ahimsa 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm





Zeitwende 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Love is soul talk 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Earths orbital speed 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm



Synaesthesia 2022  
Blý á karton í eikarramma 80 x 60 cm

**VERÐSKRÁ**

|                             |             |
|-----------------------------|-------------|
| Hefur sólin vitund..?       | 1.280.000.- |
| 107.208 km/klst             | 1.280.000.- |
| Always remain in your heart | 1.260.000.- |
| Ljósveran                   | 980.000.-   |
| Gos og SO2                  | 980.000.-   |
| Open up your heart          | 1.260.000.- |
| Áhugaverður staður að sjá   | 640.000.-   |
| Tunglhringur                | 780.000.-   |
| Core et pulm                | 1.300.000.- |
| Teikningar                  | 290.000.-   |



PORTFOLIO  
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS